

Alþingi
Erindi nr. þ 138/574
komudagur 9. 12. 2009

NASDAQ OMXSM

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. desember 2009
Tilv. 111
ÁSK

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins, 256. mál.


Vísað er til tölvupósts efnahags- og skattanefndar Alþingis frá 5. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Kauphallarinnar um frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins (breyting ýmissa laga, auknar tekjur ríkissjóðs), 256. mál.

Kauphöllin telur að fella eigi niður 4. gr. frumvarpsins en í þeirri málsgrein er lagt til að orðin „og afleiðusamningur sem seldir eru á skipulegum verðbréfamörkuðum, þar sem undirliggjandi verðbréf eru eingöngu hlutabréf“ í 1. mgr. og 1. másl. 2. mgr. 18. falli brott. Miklu máli skiptir fyrir hagkvæmni afleiðuviðskipta með hlutabréf að skattlagning hlutabréfaafleiðna sé með sambærilegum hætti og viðskipti með hinar undirliggjandi eignir. Að öðrum kosti gæti reynst illmögulegt að koma á skilvirkum markaði með íslenskar hlutabréfaafleiður. Núverandi ákvæði um meðhöndlun söluhagnaðar af slíkum viðskipum er að sænskri fyrirmynd en gengur þó mun skemur. Sérstaklega skal bent á að það gildir aðeins um mjög afmarkaðan hluta afleiðuviðskipta, ekki afleiðuviðskipti almennt.

Þá telur Kauphöllin einnig varhugavert að gera þær breytingar sem fram koma í b. og c. liðum 7. gr. frumvarpsins, þ.e. að bæta við nýjum málslíðum við 9. tl. 31. gr. Þær geta orðið til þess að það dragi úr eðlilegri þátttöku hlutafélaga í atvinnurekstri og þar með uppbyggingu hlutabréfamarkaðar og endurreisn atvinnulífsins.

Að lokum vill Kauphöllin benda á að svona mikil hækkun á tekjuskatti getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir umsvif og eftirspurn í þjóðfélaginu. Jafnframt vekur Kauphöllin athygli á að skilvirkni skattkerfisins kunní að vera tefit í tvísýnu með jafn viðamiklum og flóknum breytingum og að er stefnt með frumvarpinu.

Virðingarfyllst,


Arnína Steinunn Kristjánsdóttir,
lögfræðingur.